


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 2		
Áfangaheiti ÞÝSK1RL05 fjarnám		Námsáætlun haustannar 2016

Kennari	Wolfgang Frosti Sahr	Sk.st.	WFS
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Byrjunaráfangi þar sem megináhersla er lögð á að nemandinn tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemandinn er markvisst þjálfaður í lesskilningi á hagnýtum orðaforða til að geta lesið og skilið texta um kunnugleg efni. Við þessa þjálfun í lesskilningi eru fléttaðar æfingar í samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun, allt með það að markmiði að nemandi verði sjálfbjarga við sérstakar aðstæður. Áhersla er lögð á réttan framburð, markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforða og grunnatriði málnotkunar. Menning þýskumælandi landa er fléttuð inn í áfangann. Gagnkvæm virðing og umhyggja er höfð að leiðarljósi. Áfanginn krefst þess að nemandinn geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á náminu og sýni sjálfstæð vinnubrögð og er nemendum kennt að nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í áfanganum.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum málkerfisins
- almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðum áfangans
- tungumálinu og útbreiðslu þess
- mannlífi, menningu og siðum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig skriflega og munnlega um það sem tengist honum náið
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skilja einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisísavörp
- skilja einföld samtöl
- skilja þegar talað er um tölur og tímasetningar
- nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í tungumálanámi
- bjarga sér við sérstakar aðstæður

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- gera sig skiljanlegan um einföld atriði
- vera sjálfbjarga við sérstakar aðstæður
- spyrja til vegar
- spyrja og svara einföldum spurningum
- segja frá daglegum athöfnum
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

Námshöggn:

lesbók Netzwerk A1 München: Langenscheidt 2012 ISBN 978-3-468-46800-1
vinnubók Netzwerk A1 München: Langenscheidt 2013

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skilaverkefni	Einkunnin er í samræmi við fjölda skilaðra verkefna (Moodle) og meðaleinkunn þeirra. Til að öðlast próftökurétt þarf að hafa leyst amk. 66 af 82 verkefnum (80% skilaskylda).	20%	
Hlustunarverkefni	Vefæfing þar sem þarf að svara spurningum um texta sem lesinn er inn á Moodle.	5%	
Framburðarverkefni	Skilaverkefni á Moodle: Uppllestur ákveðins texta.	5%	
Skriflegt lokapróf	engar orðabókar leyfðar	70%	
Samtals:		100%	
Annað: Til þess að skilaverkefni, hlustun og framburður teljist til lokaeinkunnar þarf nemandi amk. að ná 45 af 100 mögulegum stigum úr skriflega lokaprófinu. Standist nemandi ekki þessar kröfur verður prófeinkunn lokaeinkunn og þýðir fall í áfanganum.			

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Áfangaheiti ÞÝSK1RL05 fjarnám	Námsáætlun haustannar 2016

Áætlun um yfirferð:

Náminu er skipt niður í 12 lotur/vikur. Í hverri lotu þarf

- að sinna heimaverkefnum í lesbók og vinnubók.
Lokaprófið byggir að stærstum hluta á þeim viðfangsefnum sem hér eru kynnt til sögunnar.
- að skila lágmarksfjölda Moodle verkefna til að öðlast próftökurétt og vetrareinkunn.

Heimaverkefni í lesbók/vinnubók	Skilaverkefni (Moodle)	Skilaverkefnum lokað kl. 10:00, fimmtudaginn
kafli 1	1	15.09.
kafli 1	2	22.09.
kafli 2	3	29.09.
kafli 2	4	06.10.
kafli 3	5	13.10.
kafli 3	6	20.10.
Plattform 1	7	27.10.
kafli 4	8	03.11.
kafli 4	9	10.11.
kafli 5	10	17.11.
kafli 5	11	24.11.
kafli 5	12	01.12.
	hlustun/munnlegt	síðasti skiladagur 01.12.

Aðgangur að verkefnum lokast síðasta skiladag kl. 10:00
Kennsluleiðbeiningar verða aðgengilegar fram að prófdegi.

Réttur áskilinn til breytinga

Dagsetning: 5. september 2016

Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils

